

173

22. des.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar, nr. 18 3. febr. 1953.

Aftan við gjaldskrána komi nýr kafli, er verði IV. kafli, svo hljóðandi:

IV. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, þar með talinn kjallari og íbúðarfært ris, eins og hér segir:

Rúmmál húss í m ³ :	Heimtaugargjald jarðstrengja:
Allt að 200	kr. 600.00
Frá 200 allt að 300	— 700.00
— 300 — — 400	— 800.00
— 400 — — 500	— 900.00
— 500 — — 600	— 1000.00
— 600 — — 700	— 1100.00
— 700 — — 800	— 1200.00
— 800 — — 900	— 1300.00
— 900 — — 1000	— 1400.00
— 1000 — — 1200	— 1500.00
— 1200 — — 1400	— 1600.00
— 1400 og þar yfir	— 1700.00

Fyrir loftlínu greiðist sem nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé jarðstrengsheimtaug lengri en 15 metrar og loftlínuheimtaug lengri en 40 metrar eða gildleiki víra meira en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaug eftir samningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald eftir reikningi, greiði aðeins mismuninn, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. En þau hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiða það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu taugar er lokið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 22. desember 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.